

Það virðist því ljóst að mótbárur kærða verði því ekki teknar til greina gegn staðarákvörðunum varðskipsins, sem ekkert virðist við að athuga og verður því að telja sannað, að kærði hafi umrætt skipti verið að veiðum í landhelgi á skipi sínu H. 188, Lady-Marcot, og þannig gerzt brotlegur gegn 1. grein laga nr. 5 1920, sbr. 3. gr. 1. mgr. og I. nr. 4 1924.

Kærður hefir aldrei verið sekur um brot á framan-greindum lögum, og þykir refsing hans með tilliti til þess, að íslenska krónan jafngildir í dag, samkvæmt upplýsingum frá Landsbanka Íslands, 0,81,79 gullaurar, hæfilega ákveðin 12500 króna sekt til Landhelgissjóðs Íslands, og komi einfalt fangelsi í 7 mánuði í stað sektarinnar, sé hún ekki greidd innan mánaðar frá lögbirtingu dóms þessa.

Auk þess sé allur afli og öll veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir um borð í togaranum H. 188, Lady Marcot, frá Hull, upptæk, og renni andvirðið í sama sjóð og sektin.

Loks greiði kærður allan kostnað sakarinnar.

Á máli þessu hefir enginn óþarfur dráttur orðið.

Miðvikudaginn 8. júní 1932.

Nr. 41/1932. **Valdstjórnin** (Garðar Þorsteinsson)
gegn

Valdimar Guðjónssyni
(Sveinbjörn Jónsson).

Áfengislagabrot.

Dómur lögregluréttar Gullbringu- og Kjósarsýslu 25. jan. 1932: Ákærður, þurrabúðarmaður Valdimar Guðjónsson, til heimilis á Duusgötu nr. 7 í Keflavík, greiði í ríkissjóð kr. 500,00 innan 40 daga frá lögbirtingu dóms þessa, ella afplánist sektin, að undangengnu árangurslausu fjárnámi með einföldu fangelsi í 31 dag. Hann greiði og allan af málinu leiddan og leiðandi kostnað, þar með talin þóknun til skipaðs talsmanns ákærðs, lögfræðings Ásgeirs Guðmundssonar, er telst hæfileg vera kr. 40,00.

Dómi þessum að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Svo sem fram er tekið í hinum áfrýjaða lögreglu-réttardómi verður að telja það sannað, að kærði hafi hinn 8. nóvbr. f. .á. selt eina flösku af Genever-brennivíni manni þeim, er nefndur er í dóminum, án þess sannað sé á hvern hátt flaska þessi hefir komizt í vörzlu kærða.

Brot kærða er af undirdómaranum réttilega heimfært undir 11. og 22. gr. áfengislaga nr. 64, 19. maí 1930, og þar sem fallast má á sektarupp-hæðina og vararefsinguna, svo og ákvæði dómsins um málskostnað ber að staðfesta hann.

Kærða ber að greiða allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda í hæstarétti, 40 kr. til hvors.

Við meðferð málsins fyrir lögregluréttinum, er það að athuga, að rannsóknardómarinn hefir eigi lagt fram í málinu hegningarvottorð fyrir kærða.

Því dæmist rétt vera:

Hinum áfrýjaða lögregluréttardómi skal ó-raskað. Kærði, Valdimar Guðjónsson, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda í hæstarétti, málflutningsmannanna Garðars Þorsteinssonar og Sveinbjörns Jónssonar, 40 kr. til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Fyrir lögreglurétti Gullbringu- og Kjósarsýslu 14. nóv. f. á., undir rannsókn út af meintu broti gegn áfengis- og sóttvarnarlögnum af hálfu togarans Ross, G. Y. 329, sem að því er sóttvarnarlagabrotið áhrærir, er í sérstöku máli, hafa þeir vinnumennirnir Ágúst Guðmundsson, Sólvöllum í Keflavík, og Skúli Pálsson, Kirkjuvegi 30 í Keflavík, borið það og staðfest með eiði fyrir rétti 30. s. m., eftir tvisvar að hafa verið bornir saman við hlutaðeigendur í rétti, að Ágúst hafi sunnudagskvöldið 8. s. m. keypt 1 fl. af Whisky af vélstjóra Jóhanni Guðjónssyni, Duusgötu nr. 7 í Keflavík, fyrir 15 krónur, og hefir velnefndur vélstjóri kannast við þetta, en er þeir höfðu drukkið úr flösku þessari og fundu að þeir voru ölvaðir orðnir af áfengi þessu, kveðast þeir hafa fengið hjá ákærðum í máli þessu, þurrabúðarmanni Valdimar Guðjónssyni, einnig til heimilis á Duusgötu nr. 7 í Keflavík, 1 fl. af Genever-brennivíni, er hann hafi selt velnefndum Skúla Pálssyni, einnig fyrir 15 kr. flösku þessa, en velnefndur Ágúst Guðmundsson kveðst þó eigi hafa séð Skúla afhenda ákærða peninga þessa eða andvirði flöskunnar, en að öðru leyti ber vitnisburðum manna þessara algerlega saman um viðskipti þessi. Kveðast þeir báðir hafa vel þekkt ákærðan, og að þeir, þrátt fyrir ölvun af fyrrgreindri Whisky-flösku þá áður, muni vel eftir að maður þessi og enginn annar hafi afhent hana eins og fyrr greinir.

Ákærður, sem er 38 ára að aldri, neitar því eindregið að hann hafi selt fyrrumgetna brennivínsflösku eða nokkuð annað áfengi, hvorki þá né endranær. Hann kveðst að visu hafa komið út í fyrrgreint botnvörpuskip að gamni sínu umræddan sunnudag, en aðeins á þilfari, og dvalið þar ca. 15 mínútur aðeins skoðað skipið, en engin viðskipti haft við skipverja, og hvorki keypt neitt þar á skipinu eða flutt í land. Segist hann kl. um 11 oftgreint sunnudagskvöld hafa séð oftgreinda pílta, eða þá Ágúst og Skúla, við brúna hjá Elínmundarhúsi, sem honum hafi sýnt vera mjög drukknir, og segir hann að Ágúst hafi beðið hann að selja sér vín, en hann þá sagt, að hann ekkert vín eða áfengi hefði. Með því báðir fyrrgreindir menn, sem drukkið höfðu saman, báðir úr oftgreindri Whisky-flösku, hafa eindregið staðfest með eiði, að þeir

þrátt fyrir ölvun sína af fyrrgreindu áfengi, muni það vel að ákærður og enginn annar hafi verið með og afhent fyrrgreindum Skúla Pálssyni hana, að því er virðist í viðurvist þeirra beggja, og önnur atvik virðast ljóslega benda til þess, að svo hafi verið í raun og veru, þrátt fyrir gagnstæðan framburð ákærða, og ölvun manna þessara á umræddu stigi, sem af brennivíni þessu urðu ennþá ölv-aðri eða drukknir, og er þá þar með sannað brot ákærða gegn 11 gr. áfengislaganna, nr. 64, 19. maí 1930, og virðist hegning sú, er hann hefir tilunnið, samkvæmt 32. gr. sömu laga hæfileg kr. 500.00, er greiðist í ríkissjóð innan 40 daga frá lögbirtingu dóms þessa, en afplánist ella með einföldu fangelsi í 31 dag, að undangengnu árangurslausu fjárnámi lögum samkvæmt. Ákærður greiði og allan af málinu leiddan og leiðandi kostnað, þar með talin þóknun til skipaðs talsmanns ákærða, lögfræðings Ásgeirs Guðmundssonar, er telst hæfileg vera kr. 40.00.

Miðvikudaginn 8. júní 1932.

Nr. 40/1932. **Valdstjórnin** (Garðar Þorsteinsson)

gegn

Jóhanni Gunnlaugi Guðjónssyni

(Sveinbjörn Jónsson).

Áfengislagabrot.

Dómur lögregluréttar Gullbringu- og Kjósarsýslu 19. jan. 1932: Ákærður, vélstjóri Jóhann Gunnlaugur Guðjónsson, til heimilis á Duusgötu nr. 7 í Keflavík, greiði í ríkissjóð kr. 700.00 innan 40 daga frá lögbirtingu dóms þessa, ella afplánist sektin, að undangengnu árangurslausu fjárnámi, með einföldu fangelsi í 37 daga. Hann greiði og allan af málinu leiddan og leiðandi kostnað.

Dómi þessum að fullnægja með aðför að lögum.